Maintsoft ehf |www.maintx.is | info@maintx.is | Sími 533 1050

Maintx viðhaldsstjórnunarkerfi

VARAHLUTALAGER

Skrá nýja varahluti | Taka á móti vörum

Tengja vörur við tæki | Setja vörur í hópa

Búa til lager

maintx

Betri og hagkvæmari viðhaldsstjórnun

SKRÁ NÝJA VARAHLUTI

Til að kenna kerfinu að þekkja nýjan varahlut inn á lager, förum við í „**Vörur**" og „**Birgðaskráning**"



Eða smellum einfaldlega á hnappinn á hnappastikunni.



Byrjum á að smella á . Þá kemur upp glugginn **Skrá vöru.**



Hér þurfum við að fylla inn „**númer**", „**nafn**" og **„einingu".**
Til að skilgreina virðisaukann hægri-smellum við í boxið merkt **„Vsk.hlutfall"**.



Veljum annað hvort fyrirliggjandi prósentu eða búum til nýja með því að smella á skráum inn númer og skattprósentuna og smellum á
Við gerum það sama fyrir **Álagninguna**.
Við getum sett inn verð á nýjum eða uppgerðum vörum.

Ef magn vöru á lager fer niður fyrir „**Pöntunarmark**" verður magn vörunnar í yfirliti (lista) gult. Maintx lætur okkur þannig vita að nú sé kominn tími til að panta meira.

Þegar við förum í pantanakerfið til að panta meira, minnir Maintx okkur á hversu mikið magn réttast er að kaupa hverju sinni. Þetta magn skráum við hér í „**Pöntunarmagn**".

Ef við hökum við „**Varúð**" merkist varan með rauðu sem gefur til kynna að varan sé annaðhvort hættuleg (t.d. eiturefni, ætandi-, mengandi efni) eða viðkvæm (t.d. brothætt).

Og smellum að lokum á

TAKA Á MÓTI VÖRUM

Til að taka á móti vörum inn á lager, förum við inn í birgðastöð/lager. (Einnig er hægt að taka á móti vörum í „**Pantanir**", sjá kennsluefni.)

Byrjum á að velja „**Vörur**" og „**Birgðaskráning**".



Eða smellum einfaldlega á hnappinn (efst uppi).



Smellum á takkann efst í hægra horninu.



Við hægrismellum í kassann merktur „**Birgir**" og fáum upp lista yfir alla okkar birgja. Við veljum annaðhvort birgja af listanum eða skráum nýjan birgi inn.



Númer[+]	Heiti	Póstnúmer	Sveitarfélag
00022	FA		
001	Headqarter		Ottawa
01021	FB		
01022			
01023	FC		
01024	TE		
01025	Birgir 12		
01026			
100	Ford Motor		
101	Test	Reykjavík	Iceland
106	Exon	Reykjavík	Vegna 1596-3548
107	Adams Workshop Co.		
108	Johnson		
131	Slaves	Space	Sith Home Planet
201	Brimborg hf		Ísland
4442949			

Til að bæta við nýjum birgja smellum við á



Hér fyllum við inn númer, kennitölu, heiti og svo framvegis.

Smellum á

Því næst veljum við nýskráða birginn og

smellum á

eða tví-smellum einfaldlega á birginn.

Því næst setjum við vöruna á réttan lager.



Byrjum á því að hægri-smella í kassan merktur „**Vörugeymsla**“.



Fáum upp lista yfir birgðastöðvar, veljum birgðastöð/lager með því að tví-smella á réttan lager.
Setjum inn staðsetningu vörunnar á lagernum.
Ef birginn notar annað vörunúmer en við fyrir vöruna getum við sett hans vörunúmer inn í „**vörunúmer birgja**"

Það sama á við um „**Birgir**" þ.e. nafn birgis.
Ef **vörunr**. og **nafn** birgis er það sama hjá okkur og honum, skiljum við kassana eftir auða.

Þegar við höfum fyllt út þær upplýsingar sem við viljum hafa með smellum við á Áfram

TENGJA VÖRUR VIÐ TÆKI

Byrjum á að smella á



Veljum tækið sem við viljum tengja varahlutinn við.

Veljum flipann „**Vörur**" og smellum á

Hægri-smellum á **„Númer"**. Og fáum upp lista yfir allar skráðar vörur.



Veljum vöruna og smellum svo á

.
Eða einfaldlega tví-smellum á vöruna.

Setjum inn magn/fjölda vörunnar sem á að fara í það tæki/einingu sem við tengjum hann við og smellum á

SETJA VÖRUR Í HÓPA

Til að bæta vörum í hópa byrjum við á að smella á takkann.



Til að **<u>búa til nýjan flokk</u>** smellum við á 



Smellum á gefum „**Flokknum**“ <u>númer</u> og <u>heiti</u> og smellum á

Nú höfum við búið til vöruflokk.

Næst skulum við setja vörur í vöruflokka.



Við veljum vöruna sem við viljum setja í hóp og smellum á
Eða tví-smellum einfaldlega á vöruna.



Undir **„Vöruflokkur“** smellum við á
Þá fáum við upp lista yfir vöruflokka.



Veljum þann flokk sem við viljum og smellum á **Eða** einfaldlega tví-smellum á flokkinn.



Þá erum við búin að setja vöruna í hóp. Hver vara getur verið í mörgum hópum samtímis. Til að bæta fleirri flokkum við ýtum við einfaldlega aftur á og endurtökum seinustu skrefin.
Ef við viljum sjá allar vörur sem eru undir einhverjum flokk smellum við einfaldlega á

hnappinn. Og fáum upp lista yfir flokkana sem til eru:



Veljum flokk og smellum á

Eða tví-smellum á flokkinn.



Þá fáum við upp lista yfir öll þau tæki/vörur sem eru á þessum tiltekna flokk.
Einnig getum við séð á hvaða birgðastöð/lager þau eru staðsett og hversu mörg eintök eru á hverjum stað.

Lager

Hér munum við læra að búa til birgðastöð/lager.



Við byrjum á því að fara í „**Vörur**" og veljum „**Vörugeymslur**"



Þar smellum við á



Hér skráum við heiti lagers og ábyrgðarmann og smellum svo á

Til að sjá hnappa í Maintx smellið hér.